



Fornleifaskráning í Þjórsárdal við sundlaugina í Reykholti vegna skipulags



Bjarni F. Einarsson
2017

Forsíðumyndin sýnir hleðslu í skurðinum frá Rauðukambahver að sundlauginni í Reykholti. (Fornleifar nr. 10:2. Horft mót SV. Ljósm. BFE 2017).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Rauðakamb ehf
Nóvember 2017

Inngangur

Að beiðni Rauðakambs ehf kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á afmörkuðu svæði við sundlaugina í Reykholti suður af Rauðukömbum í Þjórsárdal, Árnessýslu. Er svæðið sýnt á loftmynd 1. Staðsetning fornleifa er sýnd á mynd 2.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir um Þjórsárdal sbr. heimildaskrá. Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 7. og 9. nóvember síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð, en snjóföln var á landi fyrri daginn sem ekki kom að sök nema að síður sé.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 og mynd 2, auk meðfylgjandi fornleifaskrá.

Ekki þótti ástæða til að endurmæla rústirnar með Trimble enda fyrri mælingin gerð með nákvæmara tæki og undirritaður hefur engar athugasemdir við þær.

Fulltrúi verkkaupa var Eva Dís Þórðardóttir hjá Eflu hf.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr.). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.


Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
10:1	Bæjarhóll	1	Skipulag	Lítill	Sæmilegt	-1550	Hátt (8)	Hátt (8)	Já	Rannsókn
10:2	Hleðslur	1	Skipulag	Talsverð	Sæmilegt	-1550	Lítið (4)	Lítið (4)	Já	Rannsókn
10:3	Dæld	1	Skipulag	Talsverð	Sæmilegt	-1550	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Já	Rannsókn
10:4	Rúst (smiðja?)	1	Skipulag	Talsverð	-	-1550	-	-	Já	Rannsókn
10:5	Rúst (fjós og hlaða)	1	Skipulag	Lítill	Sæmilegt	-1550	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Já	Rannsókn
10:6	Rúst	1	Skipulag	Lítill	Sæmilegt	-1550	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Já	Rannsókn
10:7	Garður (túngarður)	1	Skipulag	Lítill	Lélegt	-1550	Lítið (4)	Lítið (4)	Já	Rannsókn
10:8	Rúst	1	Skipulag	Lítill	-	-1550	-	-	Já	Rannsókn
	Fjöldi fornleifa/minja	2				Meðaltöl	5,83	5,83		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar við sundlaugina í Reykholti. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

Átta rústir voru skráðar í þessari vinnu og allar eru friðlýstar. Áður voru þær skráðar af Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) árið 2008, en þá var rústunum ekki lýst og ljósmyndir ekki aðgengilegar hafi þær verið teknar. Rústirnar eru taldar leifar býlisins Reykhólts, en upphaflega voru þær kallaðar í *Rauðukömbum* og Reykholt talið vera sunnan undir fellinu Reykholt suður af Rauðukömbum (*Brynjólfur Jónsson 1885:49-50*). Árið 1954 eru þær hins vegar kallaðar Reykholt og rústirnar undir fellinu Lóþræll I (Gísli Gestsson o.fl. 1954:13). Var sú ályktun dregin af nálægðinni við hverinn og umfangi rústanna miðað við rústirnar við Lóþræll. Eldri lýsingar í Reykholti náðu aðeins yfir rústir 10:1, 10:4 og 10:5. Aðrar kom til í skráningunni 2008.

Í heild sinni teljast minjarnar hafa hátt minja- og varðveislugildi (8), þótt einstakar fornleifar hafi minna gildi. Þó flestar rústirnar kunni að líta illa út nú á dögum, þar sem þær eru á gjörblásnu holtinu, er næsta víst að undir sandinum eru vel heilar minjar og líklega enn eldri minjar undir þeim eins og tilfellið er með nær allar rannsakaðar rústir í Þjórsárdal.

Þó ekki hafi fundist skýr ummerki um fleiri rústir á skipulagssvæðinu (og tvær saust yfir höfuð ekki) er mjög líklegt að þær kunni að leynast undir vikursköflum. Að vissu leyti liggja allir hólar og allar hæðir undir



Mynd 1. Yfirlit yfir könnunarsvæðið, brotin lína. (Loftmynd. Efla hf).

Þegar kemur að hugsanlegum rústum. T. d. liggja tveir lágir ásar eða hryggir frá bæjarhólnum út á túnið til suðurs og norðarlega í þeim vestari eru hinar skráðu rústir smiðju og dældar. Á þessum ásum eða hæðum kunna að leynast fleiri rústir. Því fjær sem dregur frá bæjarhólnum því minni eru þó líkurnar á því að svo sé.

Í lýsingu Gísla Gestssonar og Jóhanns Briems segir að á bungunni austan við hverinn sé grjótdreif sem gætu verið leifar af byggingu (1954:13). Að mati undirritaðs gæti það verið þar sem **X** er á mynd 2.

Niðurstaða undirritaðs er því sú að annaðhvort þurfi að grafa könnunarskurði í grunsamlega hóla eða að framkvæmdaefirlit verði viðhaft þegar hugsanlegar framkvæmdir fara á stað. Það þýðir þá að framkvæmdir gætu tafist finnist eitthvað. Einnig er hugsanlegt að fjarkönnun verði gerð áður en allt jarðrask hefst og þá er átt við drónaflug og jarðsjármælingar. Best væri þó að byggja á svæðinu suður af bílastæðinu, og austan við veginn að sundlauginni. Þar eru engar vísbendingar um rústir.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir að nákvæmri fornleifarannsókn. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.



Mynd 2. Staðsetning hinna skráð fornleifa við eyðibýlið Reykholt í afrétti Skeiðahrepps. (Minjagátt Minjastofnunar Íslands. Viðbót BFE 2017).

Niðurstaða

Í heild sinni voru minjarnar taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Þrjár voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki og tvær í þeim lægsta. Þrjár fornleifar teljast vera í talsverðri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en aðrar í lítilli hættu og þá er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir séu vestan við sundlaugina, en þó innan hins ræktaða svæðis sunnan girðingar. Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eru friðlýstar hafa 100 m friðhelgt svæði út frá ystu mörkum þeirra.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Brynjólfur Jónsson, „Um Þjórsárdal.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1884-85*.

Reykjavík 1885. Bls. 38-60.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar. Skeiðahreppur nr. 10:1-8.

Gísli Gestsson og Jóhann Briem. „Byggðarleifar í Þjórsárdal.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1954*. Reykjavík 1954. Bls. 5-22.

Kristinn Magnússon. Efni: Reykholt í Þjórsárdal. Breyting á aðalskipulagi. Bréf dag. 3. nóv. 2017. Minjastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Minjagátt Minjastofnunar Íslands. (Sótt 7. nóvember 2017).

Fylgirit

Fornleifaskrá: Skeiðahreppur Nr. 10:1-8

Mynd 4. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa (nr. 38-40) í landi Ytri-Vífilsdals og Vífilsdals í Dalabyggð (Loftmyndir ehf., Dalabyggð, Fornleifafræðistofan).

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Landareign

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

MÍ:Nr

1780-92

Tákntala

8708

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

7.11.2017

GPS Staðsetning

E 460465 N 406815

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Bæjarhöll

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

-1550

Skipulag

Lítill

Já

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Hátt

8

Hátt

8

Já

1927

Lega og staðhættir

Í dálitlu skarði að vestanverðu sunnan undir Rauðukömbum um 100 m norður af sundlauginni. Á hjalla í hlíð. Blásið holt.

Heimildir og munnmæli

Brynjólfur Jónsson. „Um Þjórsárdal.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1884-85. Reykjavík 1885. Bls. 38-60.
Gísli Gestsson og Jóhann Briem. „Byggðarleifar í Þjórsárdal.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1954. Reykjavík 1954. Bls. 5-22.
Kristinn Magnússon. Efni: Reykholt í Þjórsárdal. Breyting á aðalskipulagi. Bréf dag, 3. nóv. 2017. Minjastofnun Íslands. Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Bæjarhöll.

Rústirnar eru á um 25 x 40 m stóru svæði og liggur rústin NA - SV. Engin form eða húsaskipan eru greinanleg, en talsvert er af grjóti á hólnum og má ætla að það sé að mestu úr veggjum húsa. Þó má sjá stefnu húsanna.

Lýsing staðarins árið 1954 er svohljóðandi: „Reykholt(?). Á hólnum vestan við Rauðukambahverinn er bæjarrúst, mjög ógreinileg. Nokkru hærra er önnur rúst, sem virðist vera fjós (þar eru stórar hellur, sennilega fallnar báhellur). Á bungunni austan við hverinn er grjótdreif, sem gæti verið leifar af byggingu. Við hverinn sjálfan er aðflutt hellugrjót og hraunsteinar. Niðri á sandinum, um 100 m suður frá bæjarrústinni er óglögg smiðjurúst (þar eru tveir steðjasteinar með járnbrák, gjall og kolaaska). Sandgræðslugirðingin sem nú liggur um Þjórsárdal, er milli smiðjunnar og hinna rústanna.“ (Gísli Gestsson o.fl. 1954:13).

Samkvæmt Árbók Hins ísl. fornleifafélags er þetta ekki Reykholt, heldur minjar sem kallaðar eru í **Rauðukömbum** (Brynjólfur Jónsson 1885:50). Að öðru leyti passar þessi lýsing hér að ofan við rústirnar undir Rauðukömbum.

Lýsing Brynjólfs er svohljóðandi: „Rústin er 36 álna löng-því fyrir bakveggnum sjest öllum, og lítið til gafla, en grjótið úr þeim er þó á dreif, og framveggurinn alveg umrótaður. 12 ál. frá vesturenda bakveggjarins sjest fyrir miðgafla með dyrum á.“

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

2

Sýsla

Árnessýsla

Landareign

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

MÍ:Nr

1780-87

Tákntala

8708

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

7.11.2017

GPS Staðsetning

E 460537 N 406755

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Hleðsla

Tilgáta/Niðurstaða

Túngarður

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

-1550

Tímab. hættumat

Skipulag

Tímab. hætta

Talsverð

Á kort?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Já

1927

Lega og staðhættir

Í skurði sem liggur frá Rauðukambahver að sundlauginni.

Heimildir og munnmæli

Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Hleðslur.

Úr hraungrýti, 2 m löng, 0,2 - 0,6 m breið og 0,1 - 0,2 m há.

Garðurinn liggur greinilega inn í vesturbakka skurðarins, en ekki er hægt að sjá hvort svo sé einnig við austurbakkann.

Þessum garði er hvergi lýst í lýsingum rústa, enda líklega til kominn þegar skurðurinn var grafinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

3

Sýsla

Árnessýsla

Landareign

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

MÍ:Nr

1780-86

Tákntala

8708

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

7.11.2017

GPS Staðsetning

E 460406 N 406743

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

2

Tegund minja

Dæld

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

Þjó 17

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landgræðsla

Lítill

Sæmilegt

-1550

Skipulag

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Talsvert

5

Já

1927

Lega og staðhættir

Á túni vestan við sundlaugina í Reykholti.

Heimildir og munnmæli

Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Dæld.

Um 2,5 m í þvermál og um 0,3 m djúp.

Ekkert sést utan um dældina sem bendir til veggja, en dældin sjálf er nokkuð góð vísbending um rúst.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef jarðrask fer fram á staðnum þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands áður og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Sýsla

Arnessýsla

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

Tákntala

8708

Hverfi

Landareign

MÍ:Nr

1780-93

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Undirnr.

4

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

7.11.2017

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

-

M.y.s. Skekkja

-

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Smiðja

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landgræðsla

Lítill

-

-1550

Skipulag

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

-

-

-

-

Já

1927

Lega og staðhættir

Á túni vestan við sundlaugina í Reykholti um 30 m suður af dæld (nr. 10:3).

Heimildir og munnmæli

Gísli Gestsson og Jóhann Briem. „Byggðarleifar í Þjórsárdal.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1954. Reykjavík 1954. Bls. 5-22.
Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Rúst.

Engin ummerki sáust um rústina við vettvangsskoðun.

Í lýsingu árið 1954 segir svo:

„Niðri á sandinum, um 100 m suður frá bæjarrústinni er óglögg smiðjurúst (þar eru tveir steðjasteinar með járnbrák, gjall og kolaaska).“ (Gísli Gestsson o.fl. 1954:13).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

-

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Ef jarðrask fer fram á staðnum þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands áður og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

5

Sýsla

Árnessýsla

Landareign

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

MÍ:Nr

1780-91

Tákntala

8708

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

8.11.2017

GPS Staðsetning

E 460493 N 406861

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Fjós og hlaða

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

-1550

Tímab. hættumat

Skipulag

Tímab. hætta

Lítill

Á kort?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

7

Talsvert

7

Já

1927

Lega og staðhættir

Um 30 m norðaustan við bæjarhólinn, í blásnu holti.

Heimildir og munnmæli

Brynjólfur Jónsson. „Um Þjórsárdal.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1884-85. Reykjavík 1885. Bls. 38-60.
Gísli Gestsson og Jóhann Briem. „Byggðarleifar í Þjórsárdal.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1954. Reykjavík 1954. Bls. 5-22.
Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Rúst.

Um 12 x 19 m (NA - SV).

Veggir úr grjóti (og torfi?), en breidd þeirra vart greinanleg og hæð óviss, lætur nærri að hún sé um 0,1 - 0,2 m. Sjá má ferningslaga form á steinakraðakinu sem er á afmörkuðu svæði. Tvö hól virðast vera á rústinni og er hið vestara hól líklega fjós og hið eystra hlaða, en hún er nokkuð mjórri en fjósið.

Í hinum meinta fjóshluta eru stórar hellur sem eru trúlega þær sem taldar eru básahellur í lýsingu frá 1954.

Í lýsingu frá 1885, undir heitinu í Rauðuskriðum segir: „Óglögg rúst er litlu ofar [frá bæjarhólnum], en mun vera af fjósi og hlöðu.“ (Brynjólfur Jónsson 1885:50).

Í lýsingu frá 1954 er rústinni lýst svo: „Nokkru herra [frá bæjarhólnum] er önnur rúst, sem virðist vera fjós (þar eru stórar hellur, sennilega fallnar básahellur.“ (Gísli Gestsson o.fl. 1954:13).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

6

Sýsla

Árnessýsla

Landareign

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

MÍ:Nr

1780-90

Tákntala

8708

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

8.11.2017

GPS Staðsetning

E 460503 N 406862

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

-1550

Skipulag

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

7

Talsvert

7

Já

1927

Lega og staðhættir

Fáeina m austan við rúst 10:5, í blásnu holti.

Heimildir og munnmæli

Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Rúst.

Um 5 x 7 m (A - V). Veggir úr grjóti (og torfi?), um 1 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir. Greinileg dæld er eftir rústinni endilangri og dyr hljóta að hafa verið við annan hvorn endan, en ekki er hægt að skera úr um hvoru megin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

7

Sýsla

Árnessýsla

Landareign

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

MÍ:Nr

1780-89

Táknatala

8708

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

8.11.2017

GPS Staðsetning

E 460501 N 406936

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Túngarður

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Landeyðing

Talsverð

Lélegt

-1550

Tímab. hættumat

Skipulag

Tímab. hætta

Lítill

Á kort?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Já

1927

Lega og staðhættir

Um 30 m norðan við rústir 10:5 og 10:6. Í blásnu holti.

Heimildir og munnmæli

Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Garður.

Um 50 - 60 m langur (N - S), 1 - 2 m breiður og 0,1 - 0,3 m hár. Aðeins bogadreginn.

Grjótið í norðanverðum garðinum er áberandi stærra en annað grjót.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Skeiðahreppur

Tákntala

8708

Hverfi

Landareign

MÍ:Nr

1780-88

Heiti

Í Rauðukömbum/Reykholt

Undirnr.

8

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

8.11.2017

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

-

M.y.s. Skekkja

-

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Þjó 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

-

-1550

Skipulag

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

-

-

-

-

Já

1927

Lega og staðhættir

Samkvæmt Minjagátt er rústin um 40 m norðan við 10:7, túngarð. Í blánsu holti.

Heimildir og munnmæli

Minjagátt Minjastofnunar Íslands.

Lýsing

Rúst.

Fannst ekki við vettvangsskoðun. Þó er steinadreif á svæðinu, en ekki hægt að skera úr um hvort þarna kunni rúst að leynast eða ekki.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

-

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Ef jarðrask fer fram á staðnum þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands áður og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.